

Fundargerð 481

Miðvikudaginn 26. febrúar 2020 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á skrifstofu Sambands Íslenskra Sveitarfélaga að Borgartúni 30, Reykjavík. Þessir fundarmenn sátu fundinn Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra K. Hauksdóttir (HKH), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) (í síma) og Sigríður Jóhannesdóttir (SJ). Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson (AÞ) forstjóri, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Lánamál - til afgreiðslu
 - a. ...
 - b. ...
3. Pálsbergsgata 3-5 á Ólafsfirði, nauðsynlegt viðhald - til kynningar og afgreiðslu
4. Ársfundur 2020, staðsetning og fundarefni - til afgreiðslu
5. Endurskoðun reglna um störf stjórnar - til afgreiðslu
6. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar
7. Útlán ársins 2019 - til kynningar
8. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
9. Skýrsla ábyrgðarmanns peningaþvættis - til kynningar
10. Skýrsla persónuverndarfulltrúa - til kynningar
11. Önnur mál
12. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé sérstaklega tekið fram.

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 480. Formaður bar upp fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

2. Lánamál til afgreiðslu

...

...

3. Pálsbergsgata 3-5 á Ólafsfirði, nauðsynlegt viðhald - til kynningar og afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns lögfræðisviðs um framkvæmdir sem nauðsynlegt er að fara í vegna tjóns á Pálsbergsgötu 3 og 5 á Ólafsfirði en húsið skemmdist mikið í óveðri sem gekk yfir í desember 2019. AÞ hafði forsögu um málið og HÁ fór svo nánar yfir minnisblaðið.

Til máls tóku KB, MBJ og SJ.

Formaður bar upp tillögu um að heimila starfsmönnum að semja við verktaka um að gera húsnæðið vatns- og vindhelt með klæðningu á ytra byrði og var það samþykkt samhljóða. Samkvæmt áætlun verktaka kostar sá verkliður 10-15 milljónir króna. Í framhaldinu verður leitast við að selja núverandi leigutaka húsið.

4. Ársfundur 2020, staðsetning og fundarefni - til afgreiðslu

AÐ ræddi fyrirhugaðan ársfund Byggðastofnunar. Hugmyndin er að fundurinn verði í Menntaskólanum í Borgarnesi 16. apríl nk. Ræddi hann einnig um mál sem eru í gangi og væri hægt að fjalla um á ársfundinum. Rætt var um að fá iðnaðarráðherra á fundinn til að ræða nýja nýsköpunarstefnu.

Til máls tóku KB, GP og SJ.

5. Endurskoðun reglna um störf stjórnar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra um staðfestingu á reglum um störf stjórnar Byggðastofnunar sem AÐ kynnti. Er ekki talin þörf á sérstökum breytingum á starfsreglum nú og lagt til að stjórn samþykki þær óbreyttar.

SJ sagði frá fundi endurskoðunarnefndar með innri endurskoðun.

Til máls tóku SJ og MBJ.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu forstjóra og var hún samþykkt samhljóða.

6. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir stöðu verkefna og rekstrar 31. janúar sl. AÐ kynnti stöðuna á verkefnum og þau helstu verkefni sem unnið væri að á stofnuninni auk breytinga sem stæðu fyrir dyrum á þjónustukortinu, AVS og Flutningsjöfnunarsjóði olíuvara.

Á milli funda höfðu stjórnarmenn veitt forstjóra eða forstöðumanni fyrirtækjasviðs í hans fjarveru fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita fyrir hönd þeirra:

- skuldabréf að fjárhæð allt að 3.700.000 evrur, útgefið af stofnuninni til Endurlána ríkissjóðs, kt. 471283-0459,
- skuldabréf að fjárhæð 2.000.000.000 íslenskar krónur, útgefið af stofnuninni til Endurlána ríkissjóðs, og
- samning þar sem kveðið er nánar um eftirlit Ríkisábyrgðasjóðs skv. lögum um ríkisábyrgðir 121/1997 og reglugerð um ríkisábyrgðir, Ríkisábyrgðasjóð og endurlán ríkissjóðs nr. 237/1998,

og öll þau skjöl önnur sem tengjast framangreindum gerningi/gerningum.

Umboð þetta gildir í sex mánuði frá dagsetningu þess.

Byggir þetta á samþykkt stjórnar frá því í nóvember 2019 þar sem lántaka stofnunarinnar upp á 2,5 milljarða kr. var samþykkt.

Til máls tóku KB, MBJ, SJ og GP.

7. Útlán ársins 2019 - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns fyrirtækjasviðs um útlánastarfsemi ársins 2019 sem AÐ kynnti.

Rætt var um viðbrögð við áhrifum Covid-19 á ferðaþjónustuna og lánveitingar til þeirra.

Til máls tóku MBJ, SJ, GP og MaH.

8. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðar lánanefndar nr. 4/20 - 7/20 sem AÐ kynnti.

Til máls tóku MBJ, GP og SJ.

9. Skýrsla ábyrgðarmanns peningaþvættis - til kynningar

Fyrir fundinum liggur skýrsla ábyrgðarmanns peningaþvættis vegna ársins 2019. HÁ kynnti skýrsluna. Engin mál hafa komið upp sem þurft hefur að tilkynna yfirvöldum eða stjórn um.

Til máls tóku GP, MH og SJ.

10. Skýrsla persónuverndarfulltrúa - til kynningar

Fyrir fundinum liggur skýrsla persónuverndarfulltrúa vegna ársins 2019 sem HÁ kynnti. Engar tilkynningar eða beiðnir samkvæmt lögum nr. 90/2018 hafa borist stofnuninni á árinu 2019.

11. Byggðaráðstefnan 2020 - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns þróunarsviðs um Byggðaráðstefnu 2020. AÐ fjallaði um minnisblaðið. Hugmyndin er að hafa ráðstefnuna á Suðurlandi, t.d. Kirkjubæjarklaustri um miðjan september 2020 og umfjöllunarefnið væri Skólar í dreifbýli. Rætt var um hvort þessi dagsetning hentaði og hvort umfjöllunarefnið ætti að ná til allrar menntunar í dreifbýli. Einnig kom fram tillaga um að hún yrði haldin á fimmtudegi og föstudegi.

12. Önnur mál

GP ræddi um verðmun á eldsneyti á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni.

Til máls tóku MBJ, KB og SJ.

13. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 20. mars nk. á Sauðárkróki.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 11:05

Magnús Helgason fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____